



Reykjanesbær 18.maí 2018

### Vinnuhópur um nýjan gervigrasvöll í Reykjanesbæ (2018020005)

Þann 8. febrúar s.l. var stofnaður vinnuhópur um hvort þörf væri á nýjum gervigrasvelli í Reykjanesbæ.

Vinnuhópurinn fékk gögn frá knattspyrnudeildum Keflavíkur og Njarðvíkur sem og frá Hafsteini Ingibergssyni forstöðumanni íþróttamannvirkja.

Í stuttu máli er það niðurstaða nefndarinnar að mikil þörf er á nýjum gervigrasvelli þar sem að Reykjaneshöllin er fullnýtt undir starfsemi félaganna.

Íbúapróun frá því að Reykjaneshöllin var vígð árið 2000 er gríðarleg en alls bjuggu 10.624 íbúar þá í Reykjanesbæ en nú er íbúatalan komin yfir 18.000.

Vinnuhópurinn heimsótti forsvarsmenn Stjórnunnar og áttu gagnlegan fund með þeim. Á þeim fundi kom fram að nýting Valsmanna hefði farið úr 96 klst. í yfir 3000 klst. Stjórnumenn ráðlögðu vinnuhópnum að skipta alveg yfir í gervigras líkt og þau hafi gert. Æfingar á völlum þeirra féllu einungis fjórum sinnum niður í vetur en grasvellir í Reykjanesbæ eru einungis notaðir í fjóra mánuði á ári eða um 100 klst.

Hópurinn leggur fram eftirfarandi hugmyndir fyrir bæjarráð:

- Nýr völlum verði gerður vestan við Reykjaneshöll sem nýtist sem æfinga- og keppnisvöllum fyrir bæði félögin.
- Skipt verði yfir í gervigras á Njarðtaks- og Nettóvellinum. Æfingasvæði vestan Reykjaneshallar verði að hluta nýtt undir íbúabyggð og fjármagn sem fæst fyrir lóðir þar standi undir framkvæmdinni.
- Mælt er til þess að bæjarráð feli formönnum aðalstjórna Keflavíkur ungmennafélags og Njarðvíkur að kanna hug félaganna til ofangreindra tillagna.

Það er mat þessa vinnuhóps að ofangreindar hugmyndir muni til lengdar þjóna knattspyrnunni í Reykjanesbæ betur og um leið að skapa betri rekstur knattspyrnuvalla.

Friðjón Einarsson

Gunnar Þórarinsson

Ingigerður Sæmundsdóttir

Einar Haraldsson

Leifur Gunnlaugsson